



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 136/403
komudagur 11.12.2008

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Brynhildur Pálmadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember, 2008

Efni: Umsögn FÍStjórnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 28. nóvember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍStjórnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (einföldun reglna um samruna og skiptingu).

FÍStjórnun telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta. Með tilkomu þess mun sparast tími og peningar auk þess sem að umræddir ferlar verða einfaldari og aðgengilegri. FÍStjórnun telur hins vegar að ganga megi lengra í átt til einföldunar. Félagið vill auk þess koma með eina ábendingu.

II. Birting í Lögbirtingarblaði og biðtími

FÍStjórnun telur að með umræddri breytingu verði birting skv. 2. mgr. 123. gr. hfl. óþörf og í raun ótæk. Félagið mælir með að skýrt verði kveðið á um það í lögnum með það fyrir sjónum að taka af allan vafa þar um. Ný 2. mgr. 123. gr. hfl. gæti hljóðað svo:

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 151. gr. [ef gerð hefur verið skýrsla óháðra og sérfróðra matsmanna skv. 122. gr.] Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að samruninn kunnir að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 122. og 126. gr.¹

¹ Tilaga FÍStjórnunar um viðbót er í rauðu letri.



– fyrir íslenska verslun

Birting í lögbirtingarblaði hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar að upplýsa kröfuhafa sem gætu setið uppi með lakari möguleika á fullnustu krafna sinna og gefa þeim færi á að fá fullnustu fyrir kröfum sínum. Hins vegar að upplýsa grandlausla hluthafa um fyrirhugaða aðgerð. Í umræddum tilfellum eru ekki til staðar neinir grandlausir hluthafar sem huga þarf að enda er um að ræða ákvörðun sem tekin er af öllum hluthöfum sameiginlega. Birting sem miðar að því að vernda rétt grandlausra hluthafa er því með öllu þarflaus. Varðandi kröfuhafa þá eru úrræði þeirra skv. 126. gr. hfl.² ekki tæk enda geta þeir einungis lýst kröfum sínum ef skýrsla sérfróðra og óháðra matsmanna gefur tilefni til að ætla að möguleikar á fullnustu versni við samruna eða skiptingu. Slík skýrsla er ekki til staðar sem þýðir að úrræðið er ekki tækt sem aftur leiðir af sér að birting er tilgangslaus.

Í ljósi þessa telur FÍŚ viðeigandi að skylda til birtingar í Lögbirtingarblaði og frestur vegna hennar verði afdnuminn í umræddu tilfelli. Slíkt mun einfalda umræddan feril enn frekar og spara verulegan tíma og peninga.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna
Netfang: pall@fis.is

² ■ **126. gr.** Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottinnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 123. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögum.



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 136/559
komudagur 16.12.2008

Reykjavík 15. desember 2008
Tilv. FLE 17-2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Brynhildar Pálmarsdóttur, nefndarritara

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög, 145. mál, EES-reglur


Með bréfi dags. 28. nóvember s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og taldi að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Gunnar Sigurðsson
Faglegur framkvæmdastjóri FLE

Nefndarsvið Alþingis
b.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/499
komudagur 15.12.2008

12. desember 2008
Tilvísun: 2008120001


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, 145. mál, EES-reglur.


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 28. nóvember sl., þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, 145. mál, EES-reglur.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jonas Fr. Jónsson


Árni Huldur Sveinbjörnsson

Þskj. 161 — 145. mál.

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög
(einföldun reglna við samruna og skiptingu).**

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 122. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.

2. gr.

5. tölul. 5. mgr. 124. gr. laganna orðast svo: Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 122. gr. nema neytt sé undanþágu skv. 5. mgr. þeirrar greinar.

3. gr.

Í stað orðanna „1.–3. mgr. 122. gr.“ í 130. gr. laganna kemur: 1.–3. og 5. mgr. 122. gr.

4. gr.

133. gr. d í lögunum fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „Ákvæði 133. gr. a – 133. gr. f“ í 4. mgr. 133. gr. g í lögunum kemur: Ákvæði 133. gr. a – c og 133. gr. e – f.

II. KAFLI

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 97. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að endurskoðandi eða skoðunarmaður geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.

7. gr.

5. tölul. 5. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: skýrsla endurskoðanda eða skoðunarmanns og yfirlýsing skv. 97. gr. nema neytt sé undanþágu skv. 5. mgr. þeirrar greinar.

8. gr.

Í stað orðanna „1.–3. mgr. 97. gr.“ í 105. gr. laganna kemur: 1.–3. og 5. mgr. 97. gr.

9. gr.

107. gr. e í lögunum fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „Ákvæði 107. gr. b – 107. gr. g“ í 4. mgr. 107. gr. h í lögnum kemur: Ákvæði 107. gr. b – d og 133. gr. f.

11. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EBE og 82/891/EBE að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, felur í sér innleiðingu EES-reglna um einföldun ákvæða við samruna og skiptingu hlutafélaga, nánar tiltekið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EB og 82/891/EB að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög og í lögum um hlutafélög enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í báðum lögnum. Breytingar má rekja til breytinga á 3. og 6. félagaréttartilskipuninni sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og leiddu á sínum tíma til breytinga á hlutafélagalöggjöf hér á landi. Breytingarnar á almennum ákvæðum um samruna og skiptingu leiða síðan til þess að gera þarf samtímis smávægilegar breytingar á ákvæðum framangreindra laga um millilandasamruna og millilandaskiptingu þar sem reglur eru einfaldari fyrir, sbr. lög nr. 54/2007, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamruni og millilandaskipting).

Ákvæðin eiga rætur sínar að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnslubyrðum. Þótt 3. og 6. félagaréttartilskipunin hafi miðað að því að vernda lánardrottna og hluthafa í minni hluta við samruna og skiptingu er talið að nægilegs öryggis verði gætt með nýju ákvæðunum. Gert er ráð fyrir samþykki allra hluthafa til að sleppa megi viðkomandi skýrslugjöf utanaðkomandi aðila og er því talið að ákvæðin dragi helst úr kostnaði hjá litlum félögum, t.d. við samruna innan samstæðu. Má þá nefna tvö systurfélög sem einn og sami hluthafi á. Slíkur samruni getur alloft átt sér stað. Þunginn í ákvæðum hlutafélagalöggjafarinnar snýr að innanlandssamruna en í ákvæðum um millilandasamruna er almennt vísað til ákvæðanna um innanlandssamruna. Í ákvæðum um millilandaskiptingu er almennt vísað í ákvæði um innanlandsskiptingu og þau ákvæði vísa jafnvel til ákvæða um innanlandssamruna eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að nýju ákvæðin nái til samruna og skiptingar sem ákvörðun verður tekin um eftir gildistöku fyrirhugaðra laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna sams konar undanþágu frá skyldu til að láta óháða, sérfróða matsmenn gera skýrslu um samrunaáætlun, m.a. um endurgjald fyrir hluti, og er nú í 133. gr. d í lögum um hlutafélög um millilandasamruna.

Vegna tilvísunar 133. gr. laga um hlutafélög um skiptingu í 122. gr. sömu laga um samruna þarf ekki að kveða sérstaklega á um framangreinda undanþágu með tilliti til skiptingar.

Um 2. og 3. gr.

Þessar greinar fela í sér nauðsynlegar breytingar vegna breytinga skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Grein þessi um undanþágu frá því að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlun við millilandasamruna verður óþörf eftir fyrirhugaða breytingu á lögum með frumvarpi þessu, þ.e. vegna tilvísunar í 122. gr. laga um hlutafélög þar sem eru almenn ákvæði um undanþáguna hvort sem um samruna er að ræða innan lands eða milli lands.

Um 5. gr.

Þessi breyting er tæknilegs eðlis þar eð gert er ráð fyrir að 133. gr. d í lögum um hlutafélög verði felld niður.

Um 6.–10. gr.

Greinar þessar geyma tillögur um svipaðar breytingar til einföldunar á lögum um einkahlutafélög og felast í ákvæðum frumvarpsins um breytingar á lögum um hlutafélög.

Um 11. gr.

Í greininni er tilgreind sú EES-gerð sem innleiða á í lög hér á landi og gert ráð fyrir heimild til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar varðandi upptöku hennar í EES-samninginn.

Um 12. gr.

Greinin geymir ákvæði um gildistöku.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu á EES-reglum er hafa það að markmiði að einfalda ákvæði núgildandi laga er snúa að samruna og skiptingu hlutafélaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/468
komudagur 15.12.2008


Reykjavík, 15. desember 2008
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 145. mál

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis frá 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu), 145. mál.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.,
Magnús Kristinn Ásgeirsson.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/509
komudagur 16.12.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Dagsetning
15. desember 2008

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. nóvember 2008, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutfélög og einkahlutfélög, 145. mál, EES-reglur.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á EES-reglum er hafa það að markmiði að einfalda gildandi lagafyrirmæli um samruna og skiptingu hlutfélaga í því skyni að draga úr stjórnsýslubyrðum.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Erindi nr. P 136/509

Lárus Ólafsson

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/1459

komudagur 23.3.2009.

From: Skúli Eggert Þórðarson [mailto:skull@rsk.is]

Sent: 23. mars 2009 15:45

To: jon.ogm.thorodsson@vm.stjr.is; Selma Hafliðadóttir

Cc: harpa.s.masdottir@vm.stjr.is; harpa.theodorsdottir@fjr.stjr.is; skuli.eggert.thordarson@rsk.is

Subject: Re: Hlutafélagafrv., samruni (einföldun)

Sæl Selma

Að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið vill Ríkisskattstjóri taka fram að embættið lýsir sig sammála þeim breytingum sem viðskiptaráðuneytið hefur lagt til að gerðar verði á frumvarpinu með þeim hætti að endurskoðandi skuli gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinu einstöku félögum.

Ríkisskattstjóri gerir því ekki athugasemd við frumvarpið svo breytt.

Með kveðju/ best regards

Skúli Eggert Þórðarson

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Brynhildur Pálmarsdóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/404
komudagur 11. 12. 2008
Reykjavík, 10. desember 2008 02-2008120003
T-ums 34/08

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 145. mál - EES reglur.

Ríkisskattstjóri hefur þann 1. desember 2008 móttengið bréf yðar þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 145. mál, þskj. 161.

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að allir hluthafar geti samþykkt að ekki sé krafist skýrslu frá óháðum sérfróðum matsmönnum um samrunaáætlun, m.a. um endurgjald fyrir hluti. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að það feli í sér innleiðingu EES-reglna um einföldun ákvæða við samruna og skiptingu hlutafélaga. Jafnframt kemur fram að ákvæðin eigi rætur sínar að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnsýslubyrðum. Ennfremur segir svo að talið sé að nægilegs öryggis fyrir lánadrottna og hluthafa í minni hluta sé gætt með ákvæðunum. Þá er rétt að fram komi að fyrirhugaðar eru frekari tilslakanir í þessum efnum, en í viðskiptaráðuneytinu er frumvarp í smíðum þar sem endurskoðunarskylda minni félaga er afnumin.

Samrunar hafa skattalegar afleiðingar bæði fyrir þau félög sem í hlut eiga og fyrir hluthafa þeirra. Sérfræðiskýrslur af þeim toga sem nefndar eru í frumvarpinu hafa hingað til haft margvíslega þýðingu við álagningu opinberra gjalda og við skatteftirlit. Það er álit embættisins að erfiðara yrði um vik fyrir skattyfirvöld að sannreyna þau atriði sem skýrslurnar taka til njóti þeirra ekki við. Þá verður ekki séð hvernig öryggis lánadrottna sé gætt við þær tilslakanir sem fyrirhugað er að gera, bæði með því frumvarpi sem hér er til umsagnar og því sem er í smíðum í viðskiptaráðuneytinu. Af þeim sökum fer embættið fram á að tekin verði af öll tvímæli um að skyldu til þess að leggja fram yfirlýsingu endurskoðenda eða skoðunarmanna um að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánadrottna á að fá fullnustu í hinum einstökum félögum sbr. 4. mgr. 122. gr. laga um hlutafélög og 4. mgr. 97. gr. laga um einkahlutafélög. Að síðustu metur ríkisskattstjóri atburði síðustu mánaða á íslenskum fjármálamarkaði þannig að vart sé unnt að mæla með einföldun á regluverki.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda og þeirra upplýsinga sem fyrir liggja getur ríkisskattstjóri ekki mælt með lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Skúli Eggert Þórðarson Guðrún J. Jónsdóttir

Viðskiptanefnd Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 136/469
komudagur 12.12.2008

Til nefndasviðs Alþingis varðar: Þingskjal 161 145. mál

Samtök fjárfesta vara við að slakað verði á kröfum um matskýrslu varðandi samruna.

Hætta er á að hlutur smárra hluthafa verði fyrir borð borinn þegar ekki liggur fyrir skjalfest hvert endurgjaldið er og hvernig það er reiknað út.

Ef allir hluthafar samþykkja þá er að sjálfsögðu fengið fullnægjandi svar en ef átt er við að allir sem eru mættir á hluthafafund hafa samþykkt, að þá sé komið svar fyrir alla, þá er hætta áferðum.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

Framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta

Alþingi
Erindi nr. P 134/560
komudagur 16.12.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 16. desember 2008

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum hlutafélög og einkahlutafélög (145. mál)

SFF gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Ástæða þykir til að benda á að orðalagið í 7. gr. „að neyta undanþágu“ er ekki í samræmi við almenna mánvenju.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

8.12.2008

Alþingi
Erindi nr. P 136/362
komudagur 8.12.2008

Viðskiptanefnd Alþingis.

Samtök verslunar og þjónustu vísa til beiðnar um umsögn um frumvarp til laga um hlutaféiög og einkahlutaféiög, 145. mál. Samtökin hyggjast ekki veita umsögn um efni frumvarpsins þar sem það tengist ekki með beinum hætti þeim hagsmunum sem félagið gæti fyrir hönd félagsmanna sinna.

Með kveðju,

Sigurður Örn Guðleifsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/470
komudagur 15.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildar Pálmarsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (145.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að einfalda reglur við samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi
Erindi nr. P 136/1458
komudagur 23.3.2009
r/jonogn/hf.frv.samruni.einfoldun.skyring
JÖP 16.3.2009

Með hliðsjón af gögnum frá dönsku atvinnu- og félagaskránni og svari frá framkvæmdastjórninni sýnist mér að ekki sé heimilt að fella niður möguleika á undanþágu frá sérfræðiskýrslu ef allir hluthafar samþykkja. Hagsmuna lánardrottna sýnist gætt með ákvæði um yfirlýsingu endurskoðanda eins og bætt var inn í frumvarpið með breytingartillögum viðskiptaráðuneytisins 30. desember 2008 að fenginni umsögn ríkisskattstjóra. Minna má og á að skv. 126. gr. hfl. hafa lánardrottinnar möguleika á greiðslu, tryggingu og að leita til dómstóla.

Eðlilegast sýnist miðað við aðstæður að afgreiða frumvarpið nú úr viðskiptanefnd í samræmi við breytingartillögurnar sem fela í sér málamiðlun, einföldun fyrir hluthafa en nægilegt öryggi fyrir lánardrottna.

Þar eð fundur er í viðskiptanefnd á þriðjudögum væri gott að fá athugasemdir í dag, mánudaginn 16. mars, ef e-r eru.

Fskj. 1

Hér er svar framkvæmdastjórnarinnar.

Kveðja/Hilsen/Regards,

Högni Kristjánsson
Skrifstofustjóri Evrópuskrifstofu/Director European Affairs
Utanríkisráðuneyti/Ministry for Foreign Affairs
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík
Iceland
Sími/Phone: +354 545 9932
Fax: +354 562 4878
e-mail: hogni@mfa.is
----- Forwarded by Högni S. Kristjánsson/UTN/NotesSTJR on 16.03.2009 10:04 -----

Ævar Rafn
Björnsson/UTN/NotesSTJR
R To Högni S. Kristjánsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR
cc
16.03.2009 09:53 Subje Fw: Directive 2007/63
ct

Kveðja / Regards

Ævar Rafn Björnsson
Lögfræðingur / Legal Advisor
----- Forwarded by Ævar Rafn Björnsson/UTN/NotesSTJR on 16.03.2009 09:53 -----

<Corinna.ULLRICH@ec.europa.eu>

16.03.2009 09:49

To <aevar.bjornsson@utn.stjr.is>

cc <Claire.Bury@ec.europa.eu>

Subje FW: Directive 2007/63
ct

Dear Mr Björnsson,

Claire Bury has forwarded your e-mail to me.

As you mention yourself, the wording of the directive is clear in the sense that it does not provide for a Member State option but obliges Member States to provide for the possibility, for shareholders, to waive the report required under the Third and the Sixth Company law Directives.

The confusion might result from the fact that, during the discussions on the directive, it was made clear that this rule does not impact on any other reporting obligations that Member States may have in place. In the case of Denmark, for example, the protection of creditors required under Art. 13 of the Third Directive and Art. 12 of the Sixth Directive is ensured through an expert report. Thus, in Denmark both objectives so far have been achieved by using the same report for both purposes, i.e. to protect the shareholders and the creditors. The possibility of a waiver, by shareholders, does not affect the need to protect the creditors. However, where the report does not need to be established from a shareholders' point of view the question arises whether the report - at least in the form currently provided for - is nevertheless needed for the protection of the creditors, or whether, in these cases, alternative means of creditor protection would seem more suitable and, possibly, less burdensome for companies. This, however, is a question to be addressed by the Member State in the context of the transposition of Directive 2007/63.

best regards,
Corinna Ullrich

From: aevar.bjornsson@utn.stjr.is [mailto:aevar.bjornsson@utn.stjr.is]
Sent: Thursday, March 12, 2009 3:53 PM
To: BURY Claire (MARKT)
Cc: FORD Rhona (CAB-MCCREEVY)
Subject: Directive 2007/63

Dear Mrs. Bury,

We are currently considering whether Directive 2007/63 requires EU MS (and therefore EEA-EFTA States) to exempt merging or divinding companies from submitting an expert report if all shareholders agree that it's not necessary or if they have a choice of whether to implement Articles 2 and 3 of the said directive.

I realise that this may come across as a strange question, given the clear wording of the directive, but we have been so advised by our colleagues in Denmark and by several experts on EU law.

Your help would be greatly appreciated.

Kveðja / Regards

Ævar Rafn Björnsson
Lögfræðingur / Legal Advisor

Fskj. 2

Kære Jon

Jeg har nu haft lidt bedre tid til at kigge på direktiv 2007/63/EF. Jeg bliver derfor nødt til at rette lidt op på det, jeg oplyste i telefonen i går.

Som jeg læser direktivets nye stk. 4 til artikel 10, er medlemsstaterne (og EØS) nødt til at indføre regler i overensstemmelse med ordlyden. Det vil sige, at på dette område kan medlemsstaterne ikke vælge at se bort fra bestemmelsen og fastsætte strengere krav.

Du kan dog være opmærksom på det vedhæftede ændringsforslag, som lige for tiden forhandles, om yderligere forenklinger til bl.a. 3. direktiv. Udgangspunktet er her, at der under en eller anden form skal foretages en vurdering af en uafhængig sagkyndig. Nogle medlemsstater læser det som om, der skal foreligge en form for udtalelse fra en uafhængig sagkyndig, dvs. enten eller. Så hvis det er ønsket fra den islandske administration at opretholde denne mulighed, så kan dette direktiv måske hjælpe på vej.

Med venlig hilsen

Ida Rosenberg

Chefkonsulent

ERHVERVS- OG SELSKABSSTYRELSEN

Erhvervscenteret

Kampmannsgade 1

1780 København V

Telefon: 3330 7700

Direkte: 3330 7570

E-mail: RO@eogs.dk

www.eogs.dk

ØKONOMI- OG ERHVERVSMINISTERIET



<<20080925_en.pdf>> 20080925_en.pdf